

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla á Akranesi.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 23. maí 2006, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að lóð nr. 32 við Smiðjuvelli verður verslunarlóð. Lóðirnar nr. 22 og 24 eru sameinaðar. Lega Smiðjuvalla breytist og tengist nyrðri hluti hennar Kalmansbraut á tveimur stöðum. Tenging Smiðjuvalla við Þjóðbraut er lokað. Milli lóðanna nr. 6 og 8 við Kalmansvelli verður heimil akstursleið fyrir lóðahafa. Sameiginleg akstursleið að Kalmansbraut er frá lóðum nr. 7 við Kalmansvelli og 9 við Smiðjuvelli og einnig frá nr. 15 og 17 við Smiðjuvelli. Stærð lóða nr. 11, 13, 15, 17, 24, 28, 30 og 32 við Smiðjuvelli er breytt og byggingarreitur skilgreindur. Byggingarreitur er einnig skilgreindur á lóð nr. 26 við Smiðjuvelli. Lagnastígur er milli lóðanna nr. 26 og 28 við Smiðjuvelli.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 11. júlí 2006.*

**Þorvaldur Vestmann,**  
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.